

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
46. fundur.

Priðjudaginn 19. febrúar 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Farið yfir fyrirleggjandi áætlun Landmótunar um efnistöð og vinnuferli sem var kynnt fyrir sveitarstjórn í des. 2007.**
2. **Væntingar og áherslur í einstökum málaflokkum**
3. **Tengsl aðalskipulagsgerðar við gildandi svæðisskipulag A-H 2004-2006.**
4. **Tengsl aðalskipulags við Staðardagskrá 21.**
5. **Stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur, þjónustukerfi og umhverfismál umfram það sem ákveðið hefur verið í svæðisskipulaginu.**
6. **Staða á kortamálum, fornleifaskráningu og vatnsverndarmálum.**
7. **Önnur mál varðandi aðalskipulagsgerðina.**

8. **Bréf:** (Sem frestað var frá síðasta fundi hreppsnefndar)
 - a) Frá SSNV, dags. 10. janúar 2008.
 - b) Frá stjórn Hestamannafél. Neista, ódagsett.
 - c) Frá Norðurvegi ehf. ódagsett.
 - d) Frá Norðurlandsskógum, dags. 23. janúar 2008.
 - e) Frá Lúther Olgeirssyni, ódagsett.
 - f) Frá Vegagerðinni, dags. 24. janúar 2008.
 - g) Frá ritstjóra Feykis, dags. 25. janúar 2008.
 - h) Frá SSNV, dags. 28. janúar 2008. (launanefnd sveitarfél, fundarboð)
 - i) Frá SSNV, dags. 28. janúar 2008. (auka ársþing SSNV)
 - j) Frá SSNV, dags. 29. janúar 2008.
 - k) Frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. janúar 2008.

9. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

1. Farið yfir fyrirleggjandi áætlun Landmótunar um efnistöð og vinnuferli sem var kynnt fyrir sveitarstjórn í des. 2007.

Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt frá Landmótun sf. Ásgeir Jónsson landfræðingur frá Landmótun sf. Ragnhildur H. Jónsdóttir, verkefnisstjóri Staðardagskrar 21. og Bjarni Þór Einarsson byggingarfulltrúi Húnavatnshrepps mættu til fundar við umfjöllun um aðalskipulag undir dagskrárlíð 1 til 7.

Yngvi Þór Loftsson kynnti vinnuferli og efnistöð vegna gerðar aðalskipulagsins. Í máli hans kom m.a. fram að þessi fundur er hugsaður sem upphafsfundur til undirbúnings á stefnumótun hreppsnefndar fyrir aðalskipulagið. Farið var yfir hugmyndir að kynningu og samráði í skipulagsferlinu. Gert er ráð fyrir tveim opnum kynningarfundum og að heimasíðan og fréttabréf verði notuð til dreifingar á upplýsingum í skipulagsferlinu. Ragnhildur lagði áherslu á að vandað yrði til undirbúnings kynningarfunda.

2. Væntingar og áherslur í einstökum málaflokkum

Farið var yfir það hvaða málaflokka á að leggja áherslu á í skipulaginu.

3. Tengsl aðalskipulagsgerðar við gildandi svæðisskipulag A-H 2004- 2006.

Við aðalskipulagsgerðina er unnt að nýta og yfirfæra ýmsar upplýsingar úr nýlegu svæðisskipulagi fyrir svæðið.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

46. fundur.

4. Tengsl aðalskipulags við Staðardagskrá 21.

Ætlunin er að hreppsnefnd skipti með sér verkum þannig að hluti nefndarinnar vinni að aðalskipulagstillögunni og hluti að staðardagskrá 21. Á kynningarfundum verður staðardagskrá 21. kynnt jafnhliða skipulaginu.

5. Stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur, þjónustukerfi og umhverfismál umfram það sem ákveðið hefur verið í svæðisskipulaginu.

Landbúnaður verði áfram ríkjandi landnotkun á skipulagssvæðinu. Frístundabyggð og ferðamennska verði efl. Þéttbýli, smábýlabyggð og iðnaðarsvæði verði skipulagt við Húnavelli. Lögð verði áhersla á uppbyggingu vegakerfis sem fylgi að mestu núverandi vegstæðum.

6. Staða á kortamálum, fornleifaskráningu og vatnsverndarmálum.

Farið yfir stöðu kortamála. Unnið verður að fornleifaskráningu samhliða aðalskipulagsgerð.

7. Önnur mál varðandi aðalskipulagsgerðina.

Undirritaður var samningur við Landmótun um gerð aðalskipulags fyrir Húnavatnshrepp.

8. Bréf: (Sem frestað var frá síðasta fundi hreppsnefndar)

a) Frá SSNV, dags. 10. janúar 2008.

Efni: Samantekt um fyrirkomulag og kostnað við refa og minnka veiðar á Nv-landi.
Hreppsnefnd tekur undir það að samráðsfundur verði haldinn um málaflokkinn.

b) Frá stjórn Hestamannafél. Neista, ódagsett.

Einnig er tekið fyrir undir þessum lið styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Neista vegna móts hestamanna á Svínavatni þann 8. mars n.k.

Efni: Umsókn um styrki.

Hreppsnefnd samþykkti að styrkja framkvæmdir við reiðvöll í Kleifarnámu um 100 þús krónur og að styrkja mótshaldið á Svínavatni um 100 þúsund krónur.

c) Frá Norðurvegi ehf. ódagsett.

Efni: Ósk um umsögn vegna veglínu heilsársvegar yfir Kjöl.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps hafnar fyrirbyggjandi tillögu að hálendisvegi, samkv. ódagsettu bréfi frá Norðurvegi ehf., þar sem fyrirhugað vegstæði liggur yfir friðland og ósnortið víðerni á Eyvindarstaðarheiði.

Þess í stað leggur hreppsnefnd Húnavatnshrepps áherslu á að lokið verði við uppbyggingu á Kjalvegi og núverandi veglína haldi sér að mestu leiti.

Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

d) Frá Norðurlandsskógum, dags. 23. janúar 2008.

Efni: Norðurlandsskógar, kynning.

Hreppsnefnd samþykkti að óska eftir kynningu á stöðu verkefnisins og framtíðaráformum.

e) Frá Lúther Olgeirssyni, ódagsett.

Efni: Lagt fram afrit af bréfi til ferðamaálstofu.

Hreppsnefnd fagnar framtakinu og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

f) Frá Vegagerðinni, dags. 24. janúar 2008.

Efni: Ástand malarvega í Húnavatnshreppi, svar við bréfi Húnavatnshr. 11. jan. s.l.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að boða fulltrúa Vegagerðarinnar til fundar á Húnavöllum sem fyrst.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
46. fundur.

g) Frá ritsjóra Feykis, dags. 25. janúar 2008.

Efni: Umsókn um styrk vegna útgáfu Feykis.

Hreppsnefnd samþykkir að boða ritstjóra Feykis til viðræðna um efni bréfsins.

h) Frá SSNV, dags. 28. janúar 2008.

Efni: Boðað til samráðsfundar með launanevnd sv.fél. og fulltrúum sveitarstjórna á Norðurlandi vestra þann 14 febrúar 2008 á Blönduósi.

Sveitarstjóri sat fundinn sem fulltrúi Húnavatnshrepps.

i) Frá SSNV, dags. 28. janúar 2008. (auka ársþing SSNV)

Efni: Auka ársþing SSNV þann 7. mars 2008 í Skagafirði.

Lagt fram til kynningar.

j) Frá SSNV, dags. 29. janúar 2008.

Efni: Gagnabanki vegna nefnda á vegum Samb. Ísl. sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

k) Frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. janúar 2008.

Efni: Óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um samgönguáætlun.

Lagt fram til kynningar.

9. Önnur mál

Oddviti kynnti viðræður sem hafa farið fram við skólabílstjóra um áframhaldandi samning vegna skólaaksturs.

Lögð voru fram bréf frá búfjárefirlitinu varðandi forðagæslumál.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.25

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jóhanna Pálmadóttir

Birgir Ingbórsson

Jón Gíslason

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M Lárusdóttir

Jens P Jensen